

TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR

Úthlutun til nýrra verkefna haust 2025

SAMANTEKT ÚTHLUTUNAR NÝRRRA STYRKJA ÚR TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐI Á HAUSTMISSERI 2025

Tækniþróunarsjóður bauð upp á fimm styrktarflokka á haustmisseri: Fræ/Þróunarfræ, Sproti, Vöxtur, Markaðspróun og Markaðssókn.

Heildarfjöldi umsókna

Alls bárust sjóðnum 474 umsóknir og ákvað stjórn sjóðsins að ganga til samninga við 72 verkefni fyrir um 1,3 milljarð króna. Stuðningur sjóðsins til verkefnanna getur verið frá einu ári til tveggja ára. Árangurshlutfall styrktra verkefna af heildarfjölda umsókna er 15%.

Tafla I. Fjöldi umsókna og styrkja

Styrktarflokkur	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall(%)
Fræ	98	21	21%
Sproti	203	26	13%
Vöxtur	97	15	14%
Markaðspróun	41	6	15%
Markaðssókn	36	4	12%
Alls	475	72	15%

Kynjaskipting*

Í umsóknum voru 269 karlar (71%) og 108 konur (29%) skráðir verkefnisstjórar. Alls eru 37 karlar verkefnisstjórar í styrktum verkefnum (73%) og 14 konur (27%). Árangurshlutfall kvenna og karla er mjög svipað eða 13-14%. Sjá Töflur II og III.

*Fræ verkefni undanskilin

Tafla II. Kynjahlutfall verkefnisstjóra í umsóknum

Styrktarflokkur	KK			KVK		
	Sótt	Veitt	Árangurs-hlutfall(%)	Sótt	Veitt	Árangurs-hlutfall(%)
Sproti	157	20	13%	46	6	13%
Vöxtur	65	13	20%	32	2	6%
Markaðspróun	25	3	12%	16	3	19%
Markaðssókn	22	1	5%	14	3	21%
Alls	269	37	14%	108	14	13%

Tafla III. Kynjahlutfall lykilaðila í umsóknum

	Karl	Kona	Kynsegin
Verkefnisstjóri	71%	29%	0,00%
Starfsmenn verkefnis	68%	32%	0,10%
Frumkvöðlar	71%	29%	0%

Landshlutagreining verkefna

Af 472 umsóknum bárust 86% frá höfuðborgarsvæðinu og 14% utan þess miðað við pósthaf þess félags sem var aðalumsækjandi (*Tafla IV*). Af þeim voru 65 (90%) verkefni af höfuðborgarsvæðinu styrkt og 7 (10%) utan þess (*Tafla V*). Sé hins vegar horft á staðsetningu á framkvæmd verkefna (Fræ verkefni undanskilin) er staðsetning verkefna í öllum umsóknum 76% á höfuðborgarsvæðinu, 14% á landsbyggðinni og 9% erlendis (Aðkeypt erlend þjónusta). Samsvarandi hlutföll í styrktum verkefnum eru 75% á höfuðborgarsvæðinu, 14% á landsbyggðinni og 12% erlendis (*Tafla VI*).

Tafla IV. Fjöldi umsókna eftir landshlutum*

Styrktarflokkur	HB	VL	NV	NE	VF	AL	SL	SN	?	Alls
Sproti	165	3	1	12	5	4	4	7	2	203
Vöxtur	88	0	2	2	0	1	1	3	0	97
Markaðssókn	34	0	0	0	0	0	0	2	0	36
Markaðsþróun	39	0	0	1	0	0	0	1	0	41
Fræ	84	0	0	2	1	0	3	2	6	98
Alls	410	3	3	17	6	5	8	15	8	475

Tafla V. Fjöldi styrkja eftir landshlutum*

Styrktarflokkur	HB	VL	NV	NE	VF	AL	SL	SN	?	Alls
Sproti	23	1	0	2	0	0	0	0	0	26
Vöxtur	14	0	1	0	0	0	0	0	0	15
Markaðssókn	4	0	0	0	0	0	0	0	0	4
Markaðsþróun	6	0	0	0	0	0	0	0	0	6
Fræ	18	0	0	0	1	0	0	0	2	21
Alls	65	1	1	2	1	0	0	0	2	72

Tafla VI. Staðsetning verkefna eftir landshlutum*


Styrktarflokkur	HB	VL	NV	NE	VF	AL	SL	SN	ERL	LB
Allar umsóknir	76%	1%	1%	6%	1%	1%	2%	2%	9%	14%
Styrktar ums. alls	75%	0%	4%	5%	1%	1%	2%	1%	12%	14%
Sproti	73%	0%	2%	13%	0%	2%	3%	2%	6%	22%
Vöxtur	77%	2%	2%	3%	2%	1%	3%	2%	8%	15%
Markaðssókn	69%	3%	0%	0%	0%	0%	2%	7%	19%	12%
Markaðsþróun	83%	1%	1%	4%	1%	1%	1%	1%	7%	10%

* **HB**-Höfuðborgarsvæðið, **VL**-Vesturland, **NV**-Norðurland vestra, **NE**-Norðurland eystra, **VF**-Vestfirðir, **AL**-Austurland, **SL**-Suðurland, **SN**-Suðurnes, **?**-Óskilgreind staðsetning, **ERL**-Erlendis og **LB**-Landsbyggðin.

Atvinnuflokkaskipting verkefna

Á Mynd I er yfirlit yfir skiptingu á fjölda umsókna (blár) og veittra styrkja (rauður) eftir atvinnuflokkum Rannís (Markaðsleg greining). Frekari tæknileg greining þvert á alla atvinnuflokka sýnir að 69% af innsendum umsóknum eru verkefni í hugbúnaðarþróun. Meðal styrktra verkefna er hlutfall hugbúnaðarverkefna 54%.

Mynd I. Atvinnuflokkar verkefna – sótt og veitt



Skýringar við greiningu

Tölurnar sem birtar eru í skýrslunni eru dregnar út úr umsóknagagnagrunni Rannís. Greiningin er birt með fyrirvara um að þar kunni að leynast villur.